

Alþingi  
Erindi nr. P 135/288P  
komudagur 20.5.2008

## Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH)

Kennitala 560502-6720

Hverhlíð 28, 810 Hveragerði

Sími 480 2000 Fax 480 2029

Hveragerði 20. maí 2008

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Varðar: Frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Stjórn SFH fagnar fram komnu frumvarpi til laga um sjúkratryggingar. Í SFH eru 28 stofnanir sem sinna flestar öldrunarþjónustu. Auk þess nokkrar endurhæfingar- og meðferðarstofnanir. Hingað til hafa flestar þeirra ekki haft samninga um þá þjónustu sem þau veita. Í IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að samið verði við stofnanir um veitingu þjónustu og er það afar jákvætt. Í 40. gr. segir „Samningar skulu m.a. kveða á um magn, tegund og gæði þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum, ásamt endurgjaldi til veitanda og eftirliti með framkvæmd samningsins.” Þá segir í 43. gr. „Við kostnaðargreiningu skal taka mið af öllum hagrænum kostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, fjármagns og afskrifta.” Þessi setning er að mati SFH ein sú mikilvægasta í frumvarpinu. Hingað til hafa lang flestar stofnanir innan SFH ekki fengið greidda húsaleiga fyrir það húsnæði sem notað er við veitingu þjónustunnar. Nú verður breyting á og er það vel. Bent skal á að gróflega áætlað mun húsaleiga, sem ekki er greidd í dag, til stofnana innan SFH nema um tveimur milljörðum króna á ári.

Stjórn SFH leggur til að bætt verði inn í frumvarpið (kafla IV) að tilnefnd verði samninganefnd, þrjár aðilar frá sjúkratryggingastofnun og þrjár frá samningsaðila (þjónustuveitanda). Þessi nefnd skal komast að sameiginlegri niðurstöðu um þjónustu, gæði og verð. Nefndinni verði sett ákveðin tímamörk til að ná niðurstöðu. Nái nefndin ekki samkomulagi þá skuli málinu vísað til Ríkisendurskoðunar eða annars til þess bærð aðila til úrskurðar.

Ás  
Dalbær  
Droplaugarstaðir  
Fellsendi  
Garðvangur  
Grund  
Hjallatún

Hlévangur  
Holtsbúð  
Hombrekka  
Hrafnista, Reykjavík  
Hrafnista, Hafnarfirði  
Hukduhlíð  
Hvammur

Höfði  
Kumbaravogur  
Lundur  
HNLFÍ  
SÁÁ  
Seljahlíð  
Sjálfstjórnarheimilið

Skógarbær  
Sóltún  
Sunnuhlíð  
Vítines  
Vífliastaðir  
Uppsallir  
Öldrunarstofnun Akureyrarbæjar

Í 29. gr. er fjallað um gjaldtöku. Þar er ekki minnst á gjaldtöku þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Nokkuð víst er að aldraðir munu áfram taka þátt í dvalarkostnaði sínum og í reglugerð 1112 frá 21. desember 2006 er sagt til um með hvaða hætti slíkt er framkvæmt. Dvalar- og hjúkrunarheimili innheimta skv. reglugerðinni þann hluta kostnaðar heimilismanna sem þeim ber að greiða. SFH telur það ekki vera í verkahring stofnana að innheimta þessar greiðslur og skorar á heilbrigðisnefnd að beita sér fyrir því að þessu fyrirkomulagi verði breytt á þann veg að TR (og svo væntanlegur arftaki) innheimti þessi gjöld.

Virðingarfyllst,



Gísli Páll Pálsson,  
Formaður SFH.